



Reykjavík 19.09.2022

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 15. september 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Vegstokkur á Sæbraut

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 21. júní 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um matsáætlun, dags. 1. júní 2022 og unnin af Verkís, fyrir vegstokk á Sæbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa

Þuríður Guðmundsdóttir
Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022.

Reykjavík, 15. september 2022

Sæbrautarstokkur – matsskýrsla – umsögn Reykjavíkurborgar

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 21. júní 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um matsáætlun, dags. 1. júní 2022 og unnin af Verkís, fyrir vegstokk á Sæbraut. Óskað hefur verið eftir frestun á skil á umsögn – og er nú ný dagsetning 15. september 2022

Úr matskýrslunni :

ÚTDRÁTTUR: *Vegagerðin í samstarfi við Reykjavíkurborg hyggst leggja Sæbraut í stokk á um 1 km kafla er nær frá Vesturlandsvegi og norður fyrir Kleppsmýrarveg í Reykjavík. Eitt af skilgreindum markmiðum með gerð stokka er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja betur saman hverfi sem eru aðskilin með umferðarþungum stofnbrautum. Stokkalausnir eru einnig hugsaðar til að greiða götu Borgarlínunnar þar sem hún þarf að þvera stofnbrautir.*

Hér að neðan má finna helstu ábendingar sem skipulagsfulltrúi og deildarstjóri aðalskipulags hjá umhverfis –og skipulagssviði vilja koma á framfæri og að verði horft til við frekari vinnu við mat framkvæmdar og skipulag á svæðinu. Mikilvægt er að allir aðilar sem koma að verkinu vinni þétt saman og haldnir verði reglulegir vinnufundir um framgang umhverfismatsins, kynningu þess og samspil við mögulegar skipulagsbreytingar.

UMSÖGN

Mótun valkosta á fyrri stigum og skilgreining megin kosta í umhverfismati:

Í inngangi matsáætlunar segir: „Árið 2019 var unnin greining á valkostum á Sæbraut/Reykjanesbraut. Þar voru settar fram mögulegar lausnir á umferðarskipulagi á Sæbraut/Reykjanesbraut milli Stekkjarbakka og Holtavegar, bæði til skemmri og lengri tíma með tilkomu Sundabrautar. Meginmarkmið verkefnisins var að finna lausnir fyrir umferð bíla á Sæbraut/Reykjanesbraut sem samrýmast myndu framtíðarþróun svæðisins þar sem m.a. voru teknar inn forsendur uppbyggingar á svæðinu og forsendur fyrir legu Borgarlínu. Niðurstaða greiningarinnar var að sviðsmynd með Sæbraut í stokk og mislæg gatnamót við Bústaðaveg og Skeiðarvog myndi gefa mestan ávinning ef litið er til framtíðar og bestu lausnina fyrir alla ferðamáta.“ (bls. 1 í matsáætlun).

Mikilvægt er að fjalla nánar um ofangreinda greiningu í matsáætluninni og kynningargögnum í framhaldinu, sérstaklega í ljósi þess að almenningur og hagsmunaaðilar hafa haft takmörkuð tækifæri til að fylgjast með henni. Það er eðlilegt að unnar séu raunhæfar hönnunarlausnir áður en formlegt og opinbert umhverfismat, með tilheyrandi valkostagreiningu hefst, en þá er mikilvægt að gerð sé góð grein fyrir þeirri vinnu í matsáætlun og þá hvaða hönnunarlausnir hafa mögulega verið slegnar af borðinu á fyrri stigum. Hér þarf einnig að horfa til þess að forsendur á efri skipulagsstigum, þ.e. í aðalskipulagi og samgöngusáttmála, eru á mjög almennum nótum varðandi útfærslur, þó megin markmiðin með framkvæmdinni

séu nokkuð skýr. Það er sérstaklega mikilvægt að gera betur grein fyrir þessari forvinnu í ljósi þess að þeir kostir sem eru skilgreindir í matsáætlun eru þröngir og ekki gefin fyrirheit um að það sé mikið svigrúm til nýrra útfærslna. Almennt þarf að skerpa á skilgreiningu valkosta og útfærslna sem verða til skoðunar í umhverfismatinu og lagt til að skilgreindir verði fleiri megin valkostir, sbr. hér að neðan. Ennfremur er ekki skýrt hver núllkosturinn er í matinu?

Samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040:

Í AR2040 er gert ráð fyrir stökk á Sæbraut sem gefur færi á að útfæra núverandi gatnamót, við Skeiðarvog-Sæbraut, þannig að þau verði mislæg (þó þannig að þau rísi ekki „stök“ uppúr umhverfi sínu með tilheyrandi landfyllingum eins og hefðbundin mislæg gatnamót gera) og umferðarflæði um þau verði greiðari. Framkvæmdin skapar ennfremur forsendur fyrir mislæga legu Borgarlínu og Sæbrautar við Knarrarvog (suðurenda stokks). Framkvæmdin er ráðgerð í samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga frá 2019, sem vísað er til í stefnu AR2040 um gatnaskipulag. Áformuð framkvæmd er þannig í megin atriðum í samræmi við AR2040.

Í AR2040 segir ennfremur eftirfarandi (bls. 114): „Stefna um stökkalausnir á viðkomandi götuköflum ... er sett fram með fyrirvara um frumhönnun gatnatenginga, niðurstöður hugmyndaleitar og mat á umhverfisáhrifum.“ Einnig segir um fyrirhugaða stokka á Miklubraut og Sæbraut: „Markmið með gerð stokka undir viðkomandi stofnbrautir eru einkum þau að draga úr umhverfisáhrifum umferðar og bæta borgarbrag í aðliggjandi hverfum. Stefna um stökkalausnir á viðkomandi götuköflum ... er sett fram með fyrirvara um frumhönnun gatnatenginga, niðurstöður hugmyndaleitar og mat á umhverfisáhrifum.“ Þá segir eftirfarandi í umhverfisskýrslu (bls. 58): „Megin markmið með gerð stokka er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja betur saman hverfi sem eru aðskilin með umferðarþungum stofnbrautum. Stökkalausnir greiða götu Borgarlínu, þar sem hún þarf að þvera stofnbrautir og bæta almennt skilyrði fyrir vistvæna ferðamáta. Stökkalausnir tryggja ný byggingarsvæði fyrir íbúðir og blandaða byggð og skapa skilyrði fyrir borgargötur með rólegu yfirbragði. Mögulegt er að skapa ný almenningsrými og útivistarsvæði á núverandi helgunarsvæðum stofnbrautanna. Markmið með aðgerðum er ekki að auka þjónustustig og umferðarrýmd heldur að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum umferðarinnar og skapa forsendur fyrir bættu tengingu fyrir gangandi og hjólandi yfir Miklubraut og Sæbraut.“

Í ljósi ofangreindra markmiða og forsenda í AR2040 er mikilvægt að vel takist til með umrædda framkvæmd og sérstaklega útfærslu gatnamóta Sæbrautar og Skeiðarvogs, þannig að mannvirki falli sem best að sínu umhverfi og áhrif á aðliggjandi byggð verði sem minnst, þ.m.t. aukning bílumferðar á Skeiðarvogi. Sá valkostur um útfærslu, sérstaklega gatnamót Skeiðarvogs og Sæbrautar, sem skilgreindir eru í matsáætlun virðist ekki falla vel að þessum markmiðum og mikilvægt að mótuð verði önnur útfærsla sem verður til samanburðar í umhverfismatinu, þar sem gert er ráð fyrir umfangsminni gatnamótum. Einnig er mikilvægt að skoða betur valkosti um stökkinn, þ.e. umfang hans og breidd (og mögulega hæðasetningu), útfrá mismunandi forsendum, einkum um hönnunarhraða og umferðarmagn.

Forsendur um aukningu umferðar:

Í matsáætluninni segir (bls. 8): „*Hönnunarforsenda fyrir framtíðarumferð á Sæbraut sem miðað var við í frumdrögum hönnunar er 50.000 ökutæki á sólarhring (ársdagsumferð, ÁDU) sem er í samræmi við forsendu þágildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um 2% aukningu á ári næstu 20 árin, sjá Tafla 3.1.*“ Umræddar forsendur eru ekki að finna í AR2030 eða AR2040 og þar með ekki skýrt hvaða forsendur liggja hér að baki, þ.e. að bílumferð muni vaxa hraðar en sem nemur íbúafjölgun og fjölgun starfa.^[1] Það er mjög umdeilanlegt að gera ráð fyrir slíku, ekki síst í ljósi þess að öll opinber og samþykkt markmið snúa að því að draga úr bílumferð, í það minnsta pr. íbúa og að breyta ferðavenjum til framtíðar litið. Slík markmið má finna í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulagi Reykjavíkur og stefnuskjölum ríkisvaldsins í loftslagsmálum og má einnig lesa úr umræddum samgöngusáttmála. Í AR2040 segir eftirfarandi (bls. 150): „Í því samhengi væri óeðlilegt að taka stórar ákvarðanir um fjárfestingar í nýjum gatnainnviðum eingöngu út frá hefðbundnum umferðarspám um mögulega aukningu bílaumferðar, þegar slík innviðauppbygging kynti í raun undir enn frekari aukningu bílumferðar og ynni þannig gegn markmiðum um breyttar ferðavenjur. Hefðbundnum reiknilíkönnum hættir til að framreikna fyrst og fremst ríkjandi ástand...“

Vegna þessa er mikilvægt að skýrt komi fram hverjar eru forsendur umferðarspár (rökstyðja þarf af hverju umferð eigi að vaxa hraðar en íbúafjöldinn) og hvaða áhrif mismunandi sviðsmyndir um umferðaraukningu geti haft á hönnunarforsendur framkvæmdar, varðandi umfang stokks og umfang gatnamóta við Skeiðarvog, t.a.m. hverju gæti það breytt ef reiknað væri með 40 þúsund bílaumferð í stað 50 þúsund bílaumferð. Eins og að ofan greinir væri vert að skilgreina valkost sem gerir ráð fyrir öðrum forsendum en aðalvalkostur í matsáætlun, útfra umferðarmagni og hönnunarhraða.

Sameiginlegur ferill umhverfismats og skipulags:

Huga þarf að því í tíma hvernig kynningarferill umhverfismats fellur saman við vinnsluferli mögulegra skipulagsbreytinga, þ.e. deiliskipulags gatnamannvirkja (framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags er tæplega kostur) og deiliskipulag þeirra byggðar sem stokkurinn skapar forsendur fyrir.

^[1] Í nýlegri arðsemisgreiningu fyrir Sundabraut er reiknað með 2,3% árlegri aukningu umferðar næstu 30 ár, sem einnig er langt umfram spár um íbúafjölgun, þ.e. reiknað er með að umferð pr. íbúa (ferðavirkni) muni halda áfram að aukast. Reynslutölur síðustu áratuga sýna að umferð pr. íbúa hefur verið að aukast og eru ýmsar ástæður fyrir því; aukin bílaeign, sem nú er að nálgast metton (bílar orðnir fleiri en bílpróf), aukin ferðavirkni í flóknara borgarsamfélagi og aukin atvinnuþátttaka. Þessar forsendur eiga hinsvegar tæplega við lengur og því hæpið að beita beinum framreikningum. Það er m.a. hægt að setja spurningarmerki við þá forsendu að ferðavirkni í samfélaginu muni halda áfram að vaxa. Horft til ýmissa djúplægra þróunarferla þá er það raunar ekki líklegt; s.s. öldrun samfélagsins, hlutfallslega færri á vinnualdri, vaxandi sjálfvirkni og minnkandi vinnuafþörf, færri börn á heimili og aukin áhersla á fjarfundi og fjarvinnu. Ýmsar rannsóknir hafa raunar frekar bent til fækkunar ferða pr. íbúa og ekki ólíklegt að það fylgi stækkun borga með auknum vegalengdum og umferðarpunga. Síðasta mæling í ferðavenjukönnun sýndi lækkun á ferðum pr. íbúa sem gæti verið vísbending um þessa þróun.

Tillögur að breyttum forsendum og áherslum (samantekt):

Til að hægt sé að taka næstu skref þarf að skoða betur hvernig hægt er að draga úr þeim umhverfisáhrifum sem verða með tilkomu Sæbrautarstokks og birtast í matskýrslunni – sérstaklega þyrfti að rýna betur umfang stokksins og breidd, hönnun út frá umferðarhraða, hljóðvist og (umferðar)tengingar á milli Vogahverfa. Sýna þarf hvernig hjólaumferð flæðir á milli, hvernig börn komast í skóla á milli hverfa, bæði á framkvæmdatíma, í áfangaskiptingu og að loknum framkvæmdum. Nauðsynlegt er að sýna þær lausnir/tillögur eins nákvæmt og hægt er.

Leggja þarf sérstakt mat á eftirfarandi þætti:

- Forsendur fyrir umferðarhraða s.s. hönnunarhraða, 60 km/klst,
- Forsendur fyrir áætluðu umferðarmagni og umferðarspá. Fleiri valkosti fyrir umferðartengingum á milli Vogahverfa
- Minnkað fótspor gatnamóta Sæbrautar/Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegur
- Grennra þversnið
- Sérstaklega tengingar inn og út úr stökk við Kleppsmýrarveg.

Með þessum sviðsmyndum mun verkefnið færa sig nær þeim markmiðum sem fram koma hér að ofan í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og um leið stuðla að betri greiningu á valkostum fyrir þessa framkvæmd.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags

Borghildur Sölvey Sturludóttir, deildarstjóri deiliskipulags

Vegstokkur á Sæbraut - umsögn Samgöngustofu

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir - SGS <Sigrun.H.Kristjansdottir@samgongustofa.is>
CC : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>
Heiti : Vegstokkur á Sæbraut - umsögn Samgöngustofu
Málsnúmer : 202205074
Málsaðili : Vegagerðin
Skráð dags : 05.09.2022 00:00:00
Höfundur : Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir - SGS <Sigrun.H.Kristjansdottir@samgongustofa.is>
Viðhengi [image001.png](#)

Sæl Þórdís,

Samgöngustofa er ekki leyfisveitandi að fyrirhugaðri framkvæmd, en öryggisstjórnun umferðarmannvirka fellur undir eftirlit Samgöngustofu.

Samgöngustofa hefur hins ekki athugasemdir við umrædda matsáætlun á mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar.

kk Sigrún

Með kveðju / Best regards,

Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir - SGS

Deildarstjóri lögfræðideildar – stjórnslu- og þróunarsvið



Icelandic Transport Authority

Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland

Sími / Phone +354 480 6000

www.samgongustofa.is / www.icetra.is

Verndum umhverfið, þrentum sem minnst

[Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer](#)

From: Smári Hilmarsson <smari@legis.is>

Sent: fimmtudagur, 4. ágúst 2022 10:04

To: Jakob Gunnarsson - SLS <Jakob.Gunnarsson@skipulag.is>

Cc: Árni Stefánsson <arni@husa.is>; Tinna Ólafsdóttir <tinna@husa.is>; Hinrik Arnar Hjörleifsson <hinrik@husa.is>

Subject: Re: FS Vegstokkur við Sæbraut, beiðni um frest vegna athugasemda.

Sæll Jakob, takk fyrir svarið.

Vegna sumarleyfa hjá umbjóðanda mínum, Húsasmiðjunni ehf., næst ekki að senda inn formlegar athugasemdir fyrir 5. ágúst.

Húsasmiðjan ehf. mun senda inn athugasemdir sínar og áskilur sér allan rétt vegna tjóns sem framvæmdirnar geta haft í för með sér vegna rekstrartaps og annarra þátta sem hafa muni áhrif á rekstur félagsins sem fyrirhugaðar framkvæmdir, ef að þeim verður, munu hafa í för með sér fyrir umbjóðanda minn.

Húsasmiðjan ehf. vísar einnig til bréfs sem Eik fasteignarfélag hefur sent inn, þar sem m.a. er áskilinn réttur vegna tjóns ofl.

Rétt er að vekja athygli á að ljóst er, ef að framkvæmdum verður, mun allt flæði umferðar, hvort sem er er einkabíla, vöruflutninga og almenningsamgöngur raskast verulega.

Ekki er séð að gert sé ráð fyrir hjólaleiðum eða góðri aðkomu fyrir gangandi inn á atvinnusvæðið Vogahverfisins.

Aðkoma starfsamanna inn í hverfið mun því verða verulega heft.

Ekki er séð að neinar mælingar hafi verið gerðar á umferð á álagstímum, þ.e. að morgni og seinni part dags, miðað við ef um eina akrein verður að ræða í báðar áttir.

Aðkoma af Kleppsmýrarvegi og Skeiðarvogi inn á Sæbraut mun takmarkast við eina akrein inn á Sæbrautina sem mun tefja umferð verulega.

Miklir þungaflutningar eru frá athafnasvæðum úr Vogunum.

Ekki er séð að neinar mælingar hafi verið gerðar hvað þetta varðar á álagstímum.

Tveir vöruflutningabílar með 40 feta gáma teppa t.d. þan hluta Kleppsmýrarvegur sem er milli Sæbrautar og Skútvogs/Súðarvogs.

Öryggi íbúa og starfsmanna og viðsk.vina fyrirtækja á svæðinum er ógnað þar sem aðkoma sjúkra og slökkvliðs verður verulega skert og ljóst er að slyshætta eykst verulega.

Ekki er séð að gert hafi verið áhættumat vegna þessa þáttar.

Þá verða flóttaleiðir einnig verulega skertar ef rýma þarf ákveðin hverfi í Vogum eða nágrannahverfum eða hverfi allt vestur í bæ eða á Seltjarnarnesi.

Ekki er séð að þetta sé metið en ljóst er að ef hættuástand skapast og rýmingar er þörf verða flóttaleiðir mjög takmarkaðar.

Þá er vakin athygli á skyldum Vegagerðarinnar hvað varðar stofnbrautir í þéttbýli.

Er ekki lögbundin skylda Vegagerðarinnar að tryggja sama flæði umferðar þó framkvæmdir standi yfir í ákveðinn tíma við stofnbrautir.

Í nágrennalöndum okkar er umferðarflæði stofnbrauta ekki skert þó framkvæmdir eigi sér stað og breyta þurfi aksturleiðum í ákveðinn tíma. Bent er á lagaskyldu Vegagerðarinnar hvað þetta varðar og skyldur Vegagerðarinnar hvað varðar öryggi í umferð, hvort sem um er að ræða bílaumferð, gangandi eða hjólandi svo ekki sé talað um að tryggja flóttaleiðir.

Mikil teppa er við gatnamót Bústaðavegar og Sæbrautar og því bent á hvort ekki sé rétt að klára framkvæmdir við mislæg gatnamót og önnur mannvirki til að létta á umferð áður en ráðist er í jafn viðamiklar framkvæmdir og stökkurinn er.

Eins og áður hefur komið fram áskilur Húsasmiðjan sér allan rétt verði af framkvæmdum hvað varðar hugsanlegt tjón vegna rekstur og annarra þátta.

Þessum athugasemdum er hér með komið á framfæri á en Húsasmiðjan mun senda inn frekari athugasemdir þegar tækifæri gefst.

Þetta bréf er eingöngu sent í tölvupósti, vinasamlegast staðfestið móttöku.

Reykjavík, 4. ágúst 2022

f.h. Húsasmiðjunnar ehf.
Smári Hilmarsson hdl.

RE Vegstokkur á Sæbraut - Umsagnarbeiðni vegna matsáætlunar

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Brunavarnasvið – HMS <brunavarnasvid@hms.is>
CC : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Heiti : RE Vegstokkur á Sæbraut - Umsagnarbeiðni vegna matsáætlunar
Málsnúmer : 202205074
Málsaðili : Vegagerðin
Skráð dags : 04.08.2022 00:00:00
Höfundur : Brunavarnasvið - HMS <brunavarnasvid@hms.is>
Viðhengi [image003.jpg](#)
[image002.png](#)

Sæl Þórdís

Brunavarnasvið HMS fyrir hönd Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar gerir ekki athugasemdir við hjálagða matsáætlun er barst stofnuninni þann 21.júní s.l.

Kveðja / Best regards

Grétar Þór Þorsteinsson - HMS
Sérfræðingur
Brunavarnir og slökkvilið



Borgartún 21
105 Reykjavík
Sími +354 4406400

From: Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

Sent: þriðjudagur, 21. júní 2022 14:06

To: Afgreiðsla Húsnaðis- og mannvirkjastofnun – HMS <hms@hms.is>



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. ágúst 2022

Efni: Umsögn Veitna um tillögu að matsáætlun fyrir vegstokk á Sæbraut.

Veitur hafa fengið til umsagnar matsáætlun vegstokks á Sæbraut. Vegagerðin í samstarfi við Reykjavíkurborg hyggst leggja Sæbraut í stokk þar sem gert er ráð fyrir að Sæbrautin verði lækkuð og sett í stokk á um 1 km kafla frá Miklubraut/Vesturlandsvegi og norður fyrir gatnamótin við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg.

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og vilja koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

- Fráveita Veitna þverar Sæbraut á þremur stöðum þar sem fyrirhuguð staðsetning stokksins er áætluð. Á öllum þessum stöðum er hæðarlega fráveitukerfis þannig að virkni kerfisins er í uppnámi vegna framkvæmda við vegstokkinn. Fráveitukerfið í Barðavogi við gatnamótin við Snekkjuvog kemur einnig til með að vera í uppnámi á framkvæmdatíma.
- Flutningskerfi hitaveitu liggur austan við Sæbraut, stofnlögn vatnsveitu liggur vestan við Sæbraut og 11kV háspennustrengur liggur í miðeyju á Sæbraut frá gatnamótum Sæbrautar við Miklubraut að gatnamótum Sæbrautar við Kleppsmýrarveg og Skeiðarvogs. Lagnirnar og strengurinn lenda í uppnámi vegna væntanlegs vegstokks á Sæbraut.
- 132kV háspennustrengur og Sogaræsi liggja við suðurenda stokkopsins. Mikilvægt er að háspennustrengurinn og Sogaræsi lendi ekki í uppnámi vegna framkvæmdanna.

Allir miðlar Veitna liggja meðfram og eða þvera fyrirhugaða legu vegstokks á Sæbraut. Ljóst er að framkvæmdirnar koma til með að hafa mikil áhrif á veitukerfin og þar af leiðandi íbúa á áhrifasvæði verkefnisins.

Vinna við forhönnun og valkosti fyrir nýja lagnaleiðir er í vinnslu. Mikilvægt er að tryggja nægt pláss fyrir lagnaleiðir meðfram vegstokknum og þá sérstaklega í ljósi umræðna um frekari þéttingu byggðar meðfram stokknum.

Veitur áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum matsferilsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Eingöngu sent með tölvupósti: skipulag@skipulag.is

Reykjavík, 28/07/2022

Ábendingar vegna matsáætlunar vegna fyrirhugaðs vegstokks á Sæbraut

Vísað er til fréttar á heimasíðu Skipulagsstofnunar, dags. 23. júní 2022, um matsáætlun sem Vegagerðin hefur lagt fram vegna vegstokks á Sæbraut og þess umsagnarfrests sem þar er veittur til og með 5. ágúst 2022.

Félagið hefur kynnt sér tilvísaða matsáætlun Verkís sem unnin var fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg, dags. 20. júní 2022. Þar sem vísað til kafla, taflna og mynda í bréfi þessu er átt við samsvarandi efni í matsáætluninni.

Félagið á fasteignina Skútuvog 16, fasteignanúmer F2020946 sem stendur á horni Sæbrautar og Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegur. Fasteignin er í útleigu til Húsasmiðjunnar ehf. Eignin stendur innan áhrifasvæðis á framkvæmdatíma, sbr. kafla 6.2, á stað sem ætla má að verði þungamiðja 3. og 4. áfanga framkvæmda, sjá töflu 4.1.

Gatnamót. Af matsáætluninni verður ráðið að nyrðri munnvið vegstokks verði rétt norðan við gatnamótin, sem verði mislæg (kafla 4.2.2). Í matsáætluninni er sérstaklega vikið að því að takmarkað pláss hafi áhrif á fýsileika ólíkra útfærslna af mislægum gatnamótum (kafla 4.2.2).

Þess er óskað að félagið, og leigutaki þess í Skútuvogi 16, verði höfð með í ráðum um útfærslu gatnamóta á þessum stað m.t.t. hugsanlegrar skerðingar á lóð félagsins og aðgengis viðskiptavina leigutaka.

Þá krefst félagið þess að félaginu verði bætt allt tjón vegna lóðarskerðingar í formi greiðslu eða stækkunar á lóð til móts við skerðingu, ef lóðin sem fasteign þess við Skútuvog 16 stendur á minnkar vegna framkvæmda við vegstokk.

Mannvirkjagerð. Fyrirséð er að fyrirhugaðri mannvirkjagerð muni fylgja sprengingar og fleygun, efnistaka og efnisflutningur (kafla 6.3). Áhrifin verða líkast til síst minni fyrir þær sakir að fasteign félagsins stendur við annan munna vegstokksins. Auk truflana á rekstri leigutaka er hugsanlegt að framangreint muni skemma fasteign félagsins.

Þess er óskað að mannvirkjagerð verði hagað þannig að áhrif á rekstur leigutaka félagsins í Skútuvogi 16, verði takmörkuð eins og kostur er. Þá áskilur félagið sér rétt til þess að krefjast bóta fyrir það tjón sem kann að verða á fasteign þess.

Lokanir. Þess má vænta að lokun á hluta akreina Sæbrautar og gatnamóta hafi áhrif á rekstur leigutaka í Skútuvogi 16, enda fyrirséð að þeim geti fylgt tafir á umferð auk þess sem nærliggjandi götur geta þá fengið aukna umferð sem er rekstri sem stundaður er við þær óviðkomandi.

Neikvæð áhrif á rekstur og afkomu leigutaka geta skert getu hans til þess að standa undir skuldbindingum sínum gagnvart félaginu.

Það er félaginu og leigutaka þess kappsmál að Vegagerðin tryggi sem frekast er unnt umferðarflæði um Sæbraut á á framkvæmdatíma, enda er áætlað að framkvæmdir muni standa yfir í nokkur ár. Mikilvægt er að aðgerðir Vegagerðarinnar til að tryggja eðlilegt umferðarflæði verði kynntar ítarlega fyrir hagsmunaaðilum og hvernig verður brugðist við ef þær aðgerðir dugi ekki til að tryggja það flæði.

Ef ekki reynist á framkvæmdatíma unnt að tryggja viðunandi aðgengi og umferð að Skútuvogi 16 áskilur félagið sér rétt til þess að krefjast bóta fyrir það tjón sem það verður fyrir.

Félagið krefst þess að opinberir aðilar beri allan kostnað vegna þeirra breytinga er leiða af framkvæmdum við vegstokk, þ. á m. ef fjarlægja þarf búnað eða mannvirki af lóð félagsins.

Óskað er eftir frekara samráði opinberra aðila og verktaka á þeirra vegum við félagið vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vinsamlega beinið viðbrögðum vegna framangreinds til Sturlu Gunnars Eðvarðssonar, framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar (sturla@eik.is).

Virðingarfyllt,

f.h. Eikar fasteignafélags hf.

Sturla Eðvarðsson



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun
B.t. Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. júlí 2022
MÍ202207-0012/ 6.07 /

Efni: Vegstokkur á Sæbraut - matsáætlun - mat á umhverfisáhrifum

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 21. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Óskað er sérstaklega efir því hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, svo sem skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig hvaða atriðum þurfi að gera frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Meðfylgjandi erindinu var skýrsla *Vegstokkur á Sæbraut, Matsáætlun-mat á umhverfisáhrifum*, unnin af Verkís verkfræðistofu dagsett júní 2022.

Í matsáætluninni kemur fram að fyrirhugaður vegstokkur muni vera um 1 km langur og liggja í vegstæði Sæbrautar við Vogahverfi, milli Vesturlandsvegur og norður fyrir Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg. Svæðið er að mestu leyti raskað þar sem um er að ræða núverandi vegstæði og aðliggjandi eru þegar byggð íbúðahverfi í Vogum vestan Sæbrautar og uppbyggingarsvæði í Vogabyggð austan Sæbrautar. Gert er ráð fyrir þverun Borgarlínu við syðri enda vegstokks og biðstöð Borgarlínu austan Sæbrautar. Einnig felst í framkvæmdinni aðlögun á aðliggjandi götum, göngu- og hjólastíga auk veitukerfa. Meðfram austurhlið stokks eru nokkrar byggingar sem eru við og innan framkvæmdasvæðis og eiga þær að víkja vegna framkvæmdanna.

Fyrir liggur *Byggðarkönnun, borgarhluti 4 – Laugardalur*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. 162 og tekur hún til alls svæðisins. Einnig liggja fyrir byggða- og/eða húsakannanir fyrir annars vegar Vogabyggð og hins vegar Vogahverfi. Þær eru, *Vogabyggð svæði 1-3*, *Byggðakönnun - fornleifaskrá* og *húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2016, skýrsla nr. 171 og *Húsakönnun Vogahverfi* unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2010, skýrsla nr. 151.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Í kafla 7 í matsáætluninni er fjallað um helstu umhverfisþætti sem eru taldir líklegir til að verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum. Menningarminjar eru þar til umfjöllunar í kafla 7.4.

Þar er vísað í Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands, en vakin er athygli á að Minjavefsjáin er ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Einnig er í lögnum gerður greinarmundur á *fríðuðum* og *fríðlýstum* fornleifum, húsum og mannvirkjum, en í matsáætluninni er eru einungis nefndar *fríðlýstar* fornleifar, hús eða mannvirki, eða aðrar þekktar menningarminjar.

Minjastofnun tekur undir það sem fram kemur í matsáætluninni, að fjalla þurfi sérstaklega um húsið Dugguvogi 42 og mögulegar mótvægisáðgerðir. Í því samhengi bendir stofnunin á að þegar hefur verið lagt mat á varðveislugildi hússins með rökstuðningi í ofangreindri skýrslu Borgarsögusafns nr. 171. Húsið er m.a. talið hafa menningarsögulegt gildi vegna lágmynda eftir Gerði Helgadóttur og hefur gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur auk þess að bera atvinnusögu svæðisins vitni. Af því tilefni telur stofnunin vel við eiga að haft verði samband við Gerðarsafn varðandi mögulegar mótvægisáðgerðir. Einnig vísar stofnunin í fyrri umsögn Minjastofnunar vegna deiliskipulags Vogabyggðar dagsett 26. janúar 2017 vegna skilyrða um varðveislu hússins.

Í skýrslu Borgarsögusafns nr. 171 er einnig fjallað um fornleifar á svæðinu. Á því svæði sem merkt er rautt á mynd 1.1 í matsáætluninni (staðsetning framkvæmdar) og mynd 4.1 (frumdrög hönnunar vegstokks) eru engar þekktar sýnilegar fornleifar skráðar, en nokkur hús sem byggð voru eftir 1930 eru skráð á svæðinu sem teljast til yngri minja.

Minjastofnun Íslands telur að fyrirliggjandi skráningargögn um fornleifar hús og mannvirki á þessu svæði séu fullnægjandi fyrir afgreiðslu ofangreindrar matsáætlunar.

Minjastofnun minnir á að í umhverfismatsskýrslu þarf að sýna á korti/loftmynd allt það svæði sem verður fyrir jarðraski vegna framkvæmdanna. Þá þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á fornleifar, hús og mannvirki ásamt yngri minjum og til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda matsáætlun fyrir vegstokk á Sæbraut.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir meðal annars: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru fríðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Og á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur

stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Þórdís Stella Erlingsdóttir (thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Viðhengi:

Umsögn MÍ vegna deiliskipulags Vogabyggðar dagsett 26. janúar 2017



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 21. júlí 2022
Tilvísun: 2022070188

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um matsáætlun vegstokks á Sæbraut

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. júní 2022 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um matsáætlun vegstokks á Sæbraut. Óskað er eftir að umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs síns geri grein fyrir í umsögn hvort hann hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þurfi að gera frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð. HER hefur farið yfir matsáætlunina og gerir eftirfarandi umsögn.

Leyfisveitingar:

Leyfi HER skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 þarf vegna niðurrifs húsa og mannvirkja og eins ef þörf er tímabundinnar aðstöðu s.s. vegna haugsetningar.

Gagnaöflun og úrvinnsla gagna:

Í kafla 3.4.2. um bílaumferð kemur fram að miðað sé við að þungaumferð sé um 6%, byggt á umferðartalningum haustið 2020. HER bendir á að vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins 2020 sé ekki æskilegt að miða við umferðartalningar á þeim tíma. Vegna takmarkana stjórnvalda var starfsemi og umferð minni en vænta mætti við venjulegar aðstæður. Nota skal gögn sem endurspegla ástand miðað við fulla starfsemi og engar takmarkanir. Sama gildir um talningar á almennri umferð. Hvað varðar áhrif loftslagsbreytinga á sjávarstöðu vill HER benda á að styðjast þarf við nýjustu gögn en í heimildaskrá er vísað í skýrslu Alta frá 2017 varðandi þennan þátt. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna gaf út skýrslu um loftslagsbreytingar árið 2021 (IPPC 2021) en þar koma fram sviðsmyndir sem gera ráð fyrir mun meiri og örari hækkun sjávarborðs en í eldri gögnum. Afla þarf einnig gagna um grunnvatnsstrauma á svæðinu og kortleggja mögulega dreifingu mengunar.

Valkostir: Að mati HER mætti betur gera grein fyrir öðrum lausnum en mislægum gatnamótum. Fram kemur í kafla 5.2. að hringtorg ofan á stokknum við gatnamót Kleppsmýrarvegjar/Skeiðarvoggs hafi verið útilokað vegna annmarka á öryggi gangandi vegfarenda. Til eru ýmsar lausnir fyrir umferð gangandi vegfarenda og að mati HER mætti skoða betur hvort hægt væri að fá valkosti sem krefjast minna inngríps en mislæg gatnamót til að virka.



Jarðmyndanir og vatnafar:

Fram kemur í kafla 7.2.1. um grunnástand að neðri hluti stokks fari víðast hvar niður fyrir grunnvatnsborð. Dæla á jarðvatni út í sjó. Kanna þarf hvort mengun sé til staðar í grunnvatni áður en það er leitt til sjávar og þá gera ráð fyrir nauðsynlegum mengunarvarnarbúnaði. Eins þarf að kanna hvernig grunnvatnsstraumar liggja ef mengun kæmist í grunnvatn í tengslum við framkvæmdirnar og gæti mengun þá mögulega borist með grunnvatninu á aðra staði. Þar sem framkvæmdirnar liggja næst Elliðaám þarf að gera grein fyrir hvernig koma á í veg fyrir óæskileg áhrif á vatnsgæðum ána og meta hvaða þættir séu líklegir til að valda hættu á mengun.

Hljóðvist:

HER bendir á að ekki þar aðeins að gera grein fyrir hljóðvist á á jarðhæð/1. hæð húsa, heldur einnig á efri hæðum húsa en eftir aðstæðum getur hávaði frá umferð verið meiri á efri hæðum. Ef ráðgert er að beita byggingartæknilegum lausnum þar sem hávaði er yfir mörkum þarf að gera góða grein fyrir þeim og fram þarf að koma á hvers ábyrgð verður að framkvæma þær. Kortleggja þarf dreifingu hávaðans vel. Sérstaklega þarf að skoða hávaða við mislæg gatnamót og áhrif ónæðis á framkvæmdatíma, s.s. vegna bergmeitlunar og sprenginga.


Loftegæði:

HER vill benda á að skoða þarf sérstaklega mengun við munna stokksins og eins hvernig staðið verður að loftræsingun hans. Gera þarf grein fyrir staðsetningu útloftunaropa, hvort verði hreinsun á útblæstri úr göngunum og hvort útblásturinn geti valdið ónæði eða mengun í nærumhverfi.

Vöktun:

Sé komist að því í mati á umhverfisáhrifum að hætta sé á mengun grunnvatns og áhrifum á Elliðaárnar við framkvæmdina telur HER að gera þurfi ráð fyrir vöktun á þessum þáttum á framkvæmdatíma.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2022
UST202206-215/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun - Vegstokkur á Sæbraut. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun. Fyrirhugað er að leggja Sæbraut í stökk á 1 km löngum kafla frá Vesturlandsvegi norður fyrir Kleppsmýrarveg.

Umhverfisstofnuin telur að þótt jarðgöng teljist ekki fýsilegur kostur á þessum stað þá telur Umhverfisstofnun að skoða eigi þann valkost því jarðgöng þurfa ekki endilega að fylgja núverandi veglínu og hafa þann kost að truflanir á umferð verða oftast lítil og vandséð er hvernig þeim fjölda bíla sem um Sæbrautina fara daglega verði beint meðan á framkvæmdum stendur þannig að ekki verði verulegar tafir vegfarenda og aukin slysaætla.

Umhverfisstofnun vill benda á að til þessa hefur verið tregða hjá Reykjavíkurborg og Vegagerðinni að ráðast í gröft jarðganga eða skoða slíka kosti af alvöru þegar um sambærilegar framkvæmdir er að ræða á Höfuðborgarsvæðinu og má þar benda á jarðgöng sem tengja áttu Sæbrautina og Landspítalann en voru slegin af.

Umhverfisstofnun telur að þegar fjallað verður um aðrar sambærilegar framkvæmdir á Höfuðborgarsvæðinu eigi jafnan að fjalla um jarðgöng sem valkost.

Bent skal á að framkvæmdir við götu sem kallast Litlahlíð milli Lönguhlíðar og Bústaðavegar sem er um 100 m löng þar hefur framkvæmd sem er umtalsvert minni en sú sem hér um ræðir reynst nokkuð snúnari í framkvæmd en ætlað var og er framkvæmdin þegar komin nokkuð umfram áætlaðan verktíma.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur